

Borgarbyggð  
Sigurjón Einarsson,  
verkefnastjóri  
Borgarbraut 14  
310 Borgarnes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. júlí 2008  
Tilvísun: UST20080500050/ksj

### Deiliskipulag íbúðarhúsa og frístundahúsa í landi Mels í Borgarbyggð

Vísað er til erindis Skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst Umhverfisstofnun þann 9. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulagstillögu íbúða- og frístundabyggðar að Mel í Borgarbyggð.

Deiliskipulagstillagan nær yfir 8 lóðir alls, 2 þeirra eru lóðir fyrir íbúðarhús, og 6 þeirra eru fyrir frístundalóðir. Fram kemur að frístundalóðir eru rúmlega 1,3 ha að stærð og íbúðarhúsalóðir 2,5 ha að stærð. Þegar hefur verið byggt 1 íbúðarhús á Birkimel sem er lóð á sama svæði.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Svæðið sem skipta á í 8 lóðir er vaxið birkikjarri, en umgirt túnum að vestanverðu og vegi að austanverðu og lóðinni Birkimel í norðri. Í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd kemur fram í 39. grein sem ber heitið *Vernd skóga og annarra gróðursamfélaga*, að: „Umhverfisstofnun skal ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar. Ekki skal að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt.“ Einnig kemur fram í stefnumótun stjórnvalda, „*Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi- Stefnunmörkun til 2020*“, að eitt af markmiðum til verndar lífríkis Íslands er að: „*forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands.*“ Til að undirstrika markmiðið um verndun íslenskra birkiskóga gaf Umhverfisráðuneytið út skýrslu og tillögur nefndar sem heitir „*Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga*“ í mars 2007.

Umhverfisstofnun undirstrikar að við framkvæmdir ætti meginreglan að vera sú að hlífa birkiskógum við raski en sé annars ekki kostur, skuli endurheimta birkiskóg í stað þess er eytt er.


## Niðurstaða

Þar sem um takmarkaðan reit er að ræða leggst Umhverfisstofnun ekki gegn því að 2 íbúðarhúsalóðir og 6 frístundalóðir verði skipulagðar á ofangreindu svæði, enda verði birkitrjám hlíft eins og kostur er og birkitrjám plantað í stað þeirra sem felld eru. Við lagningu aðkomuvegar inn á svæðið skal birkikjarri hlíft eins og kostur er. Einnig er mikilvægt að fylgst verði með að deiliskipulagsskilmálar sem fram koma í greinargerð með tillögunni, um að leyfa ekki framandi tegundir innan um kjarrið á svæðinu, gangi eftir.

Virðingarfyllt



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur



Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

Afrit Skipulagsstofnun